



1. fundur aðalstjórnar UMF. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 6. maí 2015 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Hjalti Þorvarðarson (HP), Sverrir Einarsson (SE), Viktor S. Pálsson, (VSP), Dagrún Ingvarsdóttir (DI), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ), Þórdís Rakel Hansen (ÞRH), Sveinbjörn Másson (SM), Axel Sigurðsson (AS), Sigríður Runólfsdóttir (SR), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓAL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðaði: Jóhann Helgi Konráðsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 10. fundargerð aðalstjórnar frá 8. apríl 2015 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 13. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 15. apríl 2015 til umræðu.
- 1. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 28. apríl 2015 til umræðu.
 - Framkvæmdastjóri fór yfir ráðningarkerfi bókara sem var staðfest af aðalstjórn.

3. Fundargerð vallarstjórnar

- Fundargerð vorfundar vallarstjórnar frá 5. maí 2015.
 - Aðalstjórn samþykkir að fara í breytingar á Tíbrá í samræmi við fyrirliggjandi áætlun og farið verði í það við fyrsta hentuga tækifæri.

4. Starfsáætlun aðalstjórnar 2015-2016

- Aðalstjórn samþykkir að hittast næst í september og svo mánaðarlega.

5. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

- Umsóknarfrestur í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ hefur verið framlengdur til 15. maí 2015.

6. Fjárafilanir á vegum félagsins

- Mikilvægt að minna á reglur sem gilda um fjárafilanir á vegum félagsins. og að þær þarf stanslaust að kynna.
- Nokkur umræða skapaðist um eðli og tilgang fjárafilana.

7. Starfsemi deilda

- Frjálsar: Vetrarstarfi lokið og sumaræfingar hafnar ásamt þátttöku í mótum í sumar. MÍ 11-15 ára fer fram á Selfossvelli í sumar sem verður hápunktur sumarsins.
- Mótokross: Starfsemi engin á veturnar. Stór vinnudagur var haldinn um seinustu helgi og vonandi verður hægt að opna um næstu helgi. Brautin er a.m.k. viku seinni á ferðinni en fyrri ár vegna veðurs. Prufudagur verður haldinn í upphafi sumars (á laugardegi) þar sem allir geta prófað hjól og kynnt sér sportið. Fyrsta umferð Íslandsmótsins verður haldið á Selfossi 13. júní.
- Júdo: Starfið leggst í dvala yfir sumarið nema hjá afreksíþróttamönnum í meistaraflokki. Þeir verða við æfingar og keppni í allt sumar bæði innanlands sem utan.
- Sund: Starfið var erfitt í vetur og lítið um þátttöku í mótum í kjölfar þess að yfirþjálfara var sagt upp í nóvember. Verið er að vinna að því að ráða þjálfara fyrir næsta vetur.
- Handbolti: Mótahaldi er lokið á þessu keppnistímabili. Meistaraflokkar og 3. flokkur æfa stíft án bolta en fá frí í júlí og svo verður haldið aftur af stað í ágúst. Ragnarsmótið fer fram í september og verður í fyrsta sinn keppt bæði í karla- og kvennaflokki. Þá fara Partille strákar út í sumar.
- Fimleikar: Starfið býið að vera mjög öflugt í vetur og hápunktur vetrarins var Íslandsmeistaratið hjá blönduðu liði í flokki fullorðinna. Verið er að auglýsa eftir yfirþjálfara eldri flokka.
- Taekwondo: Æfingar verða í gangi út maí en okkar sterkustu keppendur æfa og keppa á fullu í sumar m.a. í Austurríki og HM í Rússlandi.
- Knattspyrna: Fyrsti leikur í Íslandsmóti er á laugardag á Selfossi þar sem skipta var á heimaleik við BÍ/Bolungarvík. Stelpurnar hefja leik 14. maí. Mikið er af nýjum leikmönnum bæði körlum og konum, menn eru spenntir fyrir sumrinu og stefna á topp fjögur í báðum flokkum. Yngri flokkar æfa og keppa á fullu bæði vetur og sumar. Fjölgun er í yngri flokkum kvenna meðan strákarnir standa í stað. Samstarf er við Hamar og Ægi í 3. og 4. flokk. Í 2. flokki er samstarf við Hamar, Ægi og Árborg og er tvö lið skráð til leiks í karlaflokki en í kvennaflokki spilar liðið í A-deild.
- Aðalstjórn þakkar deildum gott samstarf og góðan árangur í vetur og sendir hamingjuóskir til þeirra sem náð hafa góðum árangri í keppni innanlands sem utan. Sérstakar hamingjuóskir eru sendar þeim sem hampað hafa titlum í landskeppnum sem og á alþjóðlegum mótum á keppnistímabilinu.

8. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

- Vakinn er athygli á að umsóknarfrestur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ hefur verið framlengdur til 15. maí 2015.

9. Erindi frá Ingvari Jónssyni

- Óskað er eftir samstarfi við Umf. Selfoss um fatasöfnun til íþróttaiðkunar á Filipseyjum. Aðalstjórn tekur vel í erindið og hvetur deildir til að láta af hendi rakna. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Ingvar.

10. Tilaga frá aðalfundi – Ritnefnd

- Framkvæmdastjórn falið að skipa nefndina.

Fundi slitið klukkan 19:52.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 2. september 2015 kl. 18:15 – 19:45 í Tíbrá.